

Komið sæl

Nú er mars á enda og apríl mánuður hófst með kærkomnu páskaleyfi. Síðustu tvo mánuði höfum við fengið flest allar flensur og skjúðóma sem við þekkjum en sem betur fer eru allir að hressast með hækkandi sól og vonandi er þessu tímabili lokið.

Við þurftum að fresta vetrarleikunum vegna snjóleysis og bilunar í troðara en við getum vonandi haft vetrarleikana áður en yfir lýkur og sumarið bankar á dyr. Foreldrar verða látnir vita um leið og við sjáum okkur fært að halda leikana.

Í mars var búningadagur og fannst börnunum gaman að geta nýtt öskudagsbúningana sína aftur enda finnst börnunum fátt skemmtilegra en hlutverkaleikur í búningi. Páskaföndur og rólegheit einkenndi marsmánuð auk þess sem við nýttum sem flesta daga til útiveru.

Gústi kokkur bauð börnum og kennurum í Kátakoti í bíó og svo í pizzaveislu á eftir síðasta dag fyrir páska. Þetta var skemmtileg tilbreyting og voru allir hæst ánægðir með daginn. Við þökkum Gústa kærlega fyrir.

Foreldrafélagið bauð uppá brúðuleiksýningu um Einar Áskel og voru börnin til fyrirmyndar og nutu sýningarinnar. Einnig gaf foreldrafélagið okkur barnakerru sem rúmar 5 börn sem gefur okkur aukin tækifæri til útivistar með yngstu börnin og færum við ykkur bestu þakkir. Leikskólinn keypti einnig kerru á dögnum svo nú eigum við tvær.

Þann 7. apríl munu börn og starfsfólk koma til starfa að loknu páskafríi og verður nóg að gera hjá okkur. Við munum vonandi skella á vetrarleikum fyrr en síðar og svo verður dótadagur undir lok mánaðar.

Við ætlum að byrja LAP verkefnið okkar þann 15. apríl og mun verða sendur póstur á foreldra þegar nær dregur.

Bestu kveðjur Drífa.

Foreldraráð 2014-2015

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.


Freyr (Pórlaug Diljá)
Karl (Bríet Póra)
Gísli Rúnar (Alexandra og Raket Erla)
Sunna (Úlfur og Álfgrímur)
Myriam (Lea)



Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Það er líka mikilvægt að forðast ákveðið samskiptamynstur.

5 vonlaus viðbrögð



Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Við erum stöðugt að vinna að umhverfismálum og förum vel með allan efnivið og nýtum t.d. í föndur.

Við minnum foreldra á að hafa taupokana fyrir óhreinan fatnað ávallt í hólfum barnanna.



Það er freistandi í kuldanum að hafa bílinn í gangi meðan farið er með börnin inn en við viljum byðja foreldra að drepa á bílunum til að takmakra mengun við leikskólann.

PLASTVERKEFNI Í KRÍLAKOTI OG KÁTAKOTI

Við ætlum að vinna með plast á vordögum og erum að byrja að safna, gulu, rauðu, grænu og bláu. Ef þið eigið eitthvað plast sem þið þið ætli að henda þá megið þið endilega gefa okkur það. Þetta geta verið brotnar fötur, skóflur, dollur, tappar, rör, plastflöskur, diskar, glös eða bara hvað sem er.

Þetta er það sem við ætlum að búa til.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2014-2015

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Peyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Einar Áskell brúðuleiksýning



Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökuumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.



Kæru foreldrar

Takk fyrir kerruna

Hún er frábær.

Kveðja frá öllum í
Krílakoti og Kátakoti




LAP

Nú eru allir að hressast og börnin farin að mæta í leikskólann. Við munum því hafa vinnufund með þeim foreldrum sem vilja taka þátt í verkefninu klukkan 20:00 þann 15 apríl.

Verkefni fundarins er að merkja leikrými og fleira á þeim tungumálum sem töluð eru í leikskólanum en þau eru níu talsins. Einhverjir voru búnir að gefa kost á sér í verkefnið en ef fleiri vilja bætast við eru þeir velkomnir.

LINGUISTICALLY
APPROPRIATE
PRACTICE



Vörður leið til læsis



Frá janúarmánuði og fram í júní taka kennarar í skólanum þátt í þróunarverkefni sem ber heitið Vörður á leið til læsis. Markmið verkefnisins er að taka þátt í þróun á ferilbók sem heldur utan um og veitir yfirlit yfir þróun læsis hjá börnum á aldrinum eins til tíu ára.

Þróun ferilbókarinnar byggir á því að kennarar í leik- og grunnskólum skrái markvisst í bókina og skrái jafnframt hjá sér allar spurningar og hugleiðingar sem upp kunna að koma við notkun bókarinnar. Kennarar munu síðan hittast á rýnifundum og fara yfir kosti og galla skráningarinnar í þeim tilgangi að bæta ferilbókina.

Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, deildarstjóri við Grunnskólann austan Vatna í Skagafirði, stýrir verkefninu en hún er jafnframt höfundur ferilbókarinnar.

Bókun fræðsluráðs er varðar sumarlokun 2015

1. 201501116 - Könnun vegna sumarlokunar 2015

Á 187. fundi fræðsluráðs var ákveðið að óska eftir ábendingum frá foreldrum varðandi sumarlokun í leikskólum. Sumarlokunin hefur verið á svipuðum tíma síðustu ár, þ.e. 4 vikur frá miðjum júlí og fram yfir Fiskidag.

Sex ábendingar bárust frá foreldrum um mögulegar breytingar en þær voru af ólíkum toga en um 125 börn eru á leikskólunum.

Fræðsluráð sér ekki ástæðu til að leggja til breytingar á sumarlokun og samþykkir því óbreytt fyrirkomulag.

Sumarlokun 2015

Lokar mánudaginn 13. júlí og opnar aftur 11. ágúst klukkan 12:15

Frétt af heimasíðu Dalvíkurbyggðar

Kæru foreldrar/forráðamenn barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2015

30.03.2015

Í Dalvíkurbyggð starfa tveir skólar á grunnskólastigi, Árskógarskóli (1. – 7. bekkur auk leikskólastigs) og Dalvíkurskóli (1. – 10. bekkur). Skólaakstur er í boði milli þéttbýliskjarnanna svo mögulegt er að barn frá Dalvík sækji skóla í Árskógi og öfugt. Þar sem valið er ykkar biðjum við ykkur góðfúslega að innrita barnið í annan hvorn skólann fyrir 15. apríl. Innritun nýrra nemenda fer nú fram í gegnum rafræn eyðublöð á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Vinsamlega farið á íbúagáttina á slóðinni <http://min.dalvikurbyggd.is> til að innrita nemendur í skólann.

Starfsfólk skólanna veitir nánari upplýsingar og aðstoð ef með þarf. Hægt er að hringja í skólastjóra Árskógarskóla í síma 460-4971 eða senda tölvupóst á gunnathore@dalvikurbyggd.is.

Hægt er að hringja í Dalvíkurskóla í síma 460-4980 eða senda tölvupóst á netfangið ritari@dalvikurbyggd.is.

Fréttina má finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.dalvikurbyggd.is/frettir/8500/Kaeru-foreldrar/forradamenn-barna-sem-hefja-grunnskologongu-haustid-2015/default.aspx>